

Til bæjarráðs Fjallabyggðar
og annarra bæjarfulltrúa sveitarfélagsins.

Þann 18. nóv. sl. vorum við undirrituð kvödd til fundar í Ráðhúsinu í þeim tilgangi að endurskoða menningarstefnu Fjallabyggðar. Menningarstefna þessi hefur verið í gildi síðan 19. maí 2009, eftir samþykkt á 38. fundi bæjarstjórnar og var síðan gefin út í vönduðu hefti íbúum til kynningar.

Á fundi okkar á dögunum ræddum við fram og aftur um menningarstefnuna og var niðurstaðan þessi í meginatriðum.

- A. Okkur undirrituðum þykir margt mjög metnaðarfullt og skýrt í menningarstefnu sveitarfélagsins. Töldum fátt annað aðfinnsluvert en stöku orðalag – en það út af fyrir sig mælir ekki sérstaklega með endurskoðun eða endurútgáfu stefnunnar. Sem sagt ágætlega skýr stefna og tekur á flestum eða öllum þáttum menningarlífs í bæjarfélaginu.
- Þar vegur þetta þyngst: **„Fjallabyggð stefnir að því að verða leiðandi aðili í sveitarfélaginu með stuðningi og hvatningu til þeirra sem starfa að menningarmálum. Sveitarfélagið ætlar að tryggja nægjanlegt fjármagn til málaflokksins til að framfylgja stefnu þessari ...“**
- B. Við vorum hins vegar mjög efins um að þau ágætu sjónarmið og markmið sem fram koma í menningarstefnunni gildi í raun við meðferð menningarmála í bæjarstjórn síðari misseri. Kom skýrt fram í umræðum að mikilvægt væri að kynna bæjarfulltrúum stefnu sveitarfélagsins í upphafi hvers kjörtímabils, og gera *“langtímaáætlun um uppbyggingu á sviði menningarmála þar sem verkefnum verður forgangsraðað og þau tímasett.”* – eins og segir í stefnunni.
- C. Nokkur dæmi voru nefnd sem rök fyrir þeirri skoðun að meginstefnu Fjallabyggðar í menningarmálum sé slælega fylgt: Þegar sveitarfélagið heitir því „að tryggja nægjanlegt fjármagn til málaflokksins“ þá er raunin sú að upphæð styrkja til menningarverkefna (t.d. safna og setra) lækkar verulega í krónutölu milli ára – auk þess að hafa lækkað um allt að 50% að verðgildi á sl. 10 árum. Skýtur það mjög skökku við í ljósi þess að til dæmis margt af því sem gert hefur verið í þessum málum hefur vakið athygli víða um land, verið öðrum sem fyrirmynd í margvíslegu tilliti ásamt því að vera hornsteinn fyrir þá nýju atvinnugrein í sveitarfélaginu

sem ferðapjónustan er.
Önnur dæmi voru einnig nefnd.

- D. Margt af því sem unnið hefur verið að menningarmálum í sveitarfélaginu á síðustu áratugum er sjálfsprottið, unnið af framtaki einstaklinga og félaga. Þar hefur jafnframt svo gæfulega til tekist að bæjarstjórn hefur skynjað vel skyldu sína til að leggja góðum málum lið – oft mjög rausnarlega og verið öðrum sveitarfélögum sem fyrirmynd. Við undirrituð hvetjum bæjarstjórn til að framfylgja menningarstefnu sinni og „*tryggja nægilegt fjármagn til málaflokksins*“ – til að halda þeirri reisu sem yfir Fjallabyggð er í þessum efnum og til „*stuðnings og hvatningar þeim sem að þessum málum starfa.*“

Að lokum viljum við taka heils hugar undir menningastefnu bæjarstjórnar Fjallabyggðar:

“Menningarmál skulu viðurkennd sem mikilvægur liður í lífsgæðum íbúa, búsetuskilyrðum og uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu.”

Fjallabyggð 1. desember 2016


Virðingarfyllst!



Anita Elefsen Síldarminjasafni Íslands



Guðný Robertsdóttir Þjóðlagasetri




Hrönn Hafþórsdóttir Bókasafni Fjallab.



Jónína Magnúsdóttir Grunnskóla Fjallab.



Lára Stefánsdóttir Menntask. á Tröllask.



Þórarinn Hannesson Ljóðasetri Íslands



Örlygur Kristfinnsson Örnefnafél. Snók